

## 3. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Garðahrepps, staðfestist hér samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. ágúst 1973.*

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

*Ingimar Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

### um embætti Húsameistara ríkisins.

## 1. gr.

Verksvið embættis húsameistara ríkisins, sem heyrir undir forsætisráðuneytið, sbr. 2. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands, er tvíþætt. Í fyrsta lagi umsjá (viðhald, breytingar) með þeim opinberu byggingum, sem greindar eru í 2. gr. Í öðru lagi frumathugun og áætlunargerð (sbr. II. og III. kafla laga nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda) varðandi opinberar byggingar, eftir því sem um semst milli embættis húsameistara ríkisins og eignaðaraðila.

## 2. gr.

Þær opinberu byggingar, sem falla undir umsjá embættis húsameistara ríkisins, sbr. 1. gr., eru þessar:

Embættisbústaður forseta Íslands.

Gestahúsnaði ríkisins.

Alþingishús og hæstiréttur.

Skrifstofuhúsnaði stjórnarráðsins.

Safnahús í Reykjavík.

Þjóðleikhús.

## 3. gr.

Til þess að anna verkefnum skv. 1. og 2. gr. skal fast starfslið embættisins vera:

Húsameistari ríkisins.

3 arkitekta (yfirarkitekt og 2 deildararkitekta).

2 byggingartæknifræðingar.

1 innanhússarkitekt.

1 byggingaefirlitsmaður (byggingam.).

1 aðalbókari og gjaldkeri.

1 vélritunar- og símastúlka.

1 vélritunarstúlka.

## 4. gr.

Þegar um sérstök verkefni er að ræða, sem teiknistofu embættisins eru falin til úrlausnar, er heimilt að ráða tímabundna aukaaðstoð sérfræðinga að fengnu samþykki nefndar skv. lögum nr. 48/1958.

*Forsætisráðuneytið, 16. ágúst 1973.*

Ólafur Jóhannesson.

*Guðmundur Benediktsson.*